



# Gjafakort Þjóðleikhússins

Tilhlökkun, upplifun og ógleymanlegar minningar!

8. TBL. 1. ÁRG.

HVERFISBLAÐIÐ

DESEMBER 2024

# BREIÐHOLT



## Porláksmessa nálgast

Porláksmessan og jólin nálgast og lyktar og bragðskinið er farið að kilta munn- og nefkirtla landans. Sklötuveislan er framundan. Hjónin Ragneiður og Ísak í Þjóðbjörgu fiskbúð í Mjóddinni eru komin í Porláksmessuskap og tilbúinn í slaginn. Skatan er í heiðursseti í fiskbúðinni sem að öðru leyti er full af gænýju fangri hafsins.

### Tvær bílalúgur í Suðurfelli

Virka daga 8:30-20 Laugardaga 11-17



MIDBERG FRÍSTUNDAMÍÐSTÖÐ



### Breiðholtslaug

### Bættu smá heppni í jólapakkann!

Jólaprennurnar eru komnar í sölu



Happaþrennan

Skannaðu QR kóðann



Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
**VELKOMIN**

**MJÓDDIN**



## BREIÐHOLT

Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg  
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík  
Frákvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)  
Símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is  
Ritstjóri: Þóroddur Ingimarsson • thoringimars@gmail.com  
Ljós.: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com  
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

Í góðum málum hjá



Vantar málara ?  
Ekkert mál.

Við komum og bjóðum í verkið  
þér að kostnaðarlausu.

Jón. Sími: 6631343

Bjarki. Sími: 7758599


Málarameistari

jbmalun.is

jbmalun@gmail.com

@jbmalun

PALLI VAR  
EINN  
Í HEIMINUM



SÝNINGAR Í HÖRPU

Hitt Húsið óskar öllum gleðilegra jóla

Við bjóða öllum ungmennum  
á aldrinum 16-25 ára að taka þátt  
í okkar fjölbreytta starfi og  
njóta aðstöðunnar sem Hitt Húsið  
hefur upp á að bjóða.



HITT HÚSIÐ

## Gáfu Seljakirkju skjávarpa og tjald

Séra Sigurður Már Hannesson sóknarprestur tók á móti gjöf frá kvennfélagi Seljasóknar við messu í Seljakirkju 3. nóvember síðast liðin, sem saman stóð af skjávarpa og stóru tjaldi að verðmæti 3,4 milljónir króna.

Félagið sem stofnað var 1981 hefur í gegnum tíðina stutt við kirkjuna. Það hefur safnað fjármunum með útleigjum á dúkum fyrir veislur, erfi-drykkjur, skírnir og fermingar. Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson fyrr verandi sóknarprestur kom til okkar í félaginu fyrir um tveimur árum og spurði hvort við gætum styrkt kaup á nýjum skjávarpa og tjaldi. Við vildum gera meira, við vildum einfaldlega kaupa þetta allt handa þeim. Eftir töluverða leit var samið við Origo sem veitti okkur frábæra þjónustu og leisti vel úr öllum málum. Í kvennfélaginu eru núna 72 konur, og hefur þeim farið fjölgandi á síðustu árum. Kvennfélagið starfar yfir vetrar og vor



Kvennfélagskonur úr Seljasókn, Sigurður Már Hannesson sóknarprestur er lengst til hægri.


mánuði og heldur fundi fyrsta þriðju-daginn hvers mánaðar í kirkjumiðstöð Seljakirkju. Efni funda eru margvísleg auk félagsmála eru fræðslu-fyrirlestrar og ýmisleg skemmtiefni. Á aðventunni er jólafundur með jólagleði ásamt því er á hverju ári farið í dagsferðarlag. Það er mikil samheild í kvennfélagi okkar og alltaf er verið

að vinna að góðum málefnum fyrir kirkjuna og samfélagið. Á fundunum er alltaf gaman að hitta skemmtilegar konur og eiga góða samveru stund með þeim. Við hverjum konur til að koma á fundi hjá okkur og njóta samveru í góðum félagskap.

## Hetjuskóli Hraunheima

Í Hraunheimum hefur verið sett í gang verkefni sem heitir Hetjuskólinn. Hetjuskólinn er klúbbastarf tengt hlutverkjaleikjum og spilum þar sem krakkarnir byrja á að búa sér til hetju, teikna eða lita mynd af hetjunni sinni og ákveða baksögu og hlutverk hetjunnar. Krakkarnir fönndra hús og alls konar umhverfi sem er notað þegar spilið hefst undir handleiðslu starfsmanna. Umsjónarmaður klúbbsins hefur mikla reynslu af hlutverkaspilum. Fyrir þá sem eru að velja fyrir sér hvað í ósköpunum hlutverkaspil er má nefna „Dýflissur og dreka“ („Dungeons and Dragons“) sem dæmi.

Fyrir utan allskonar teningaköst er aðalatriðið í hlutverkaspilum að þátttakendur setji sig í hlutverk hetjunnar sem þeir spila og taki ákvarðanir sem þeir halda að hetjan þeirra myndi taka. Þannig eru hlutver-



Krákkarnir byrja á að búa sér til hetju, teikna eða lita mynd af hetjunni sinni og ákveða baksögu og hlutverk hetjunnar.

kaspil frábært tæki til að nota með börnum til að afa sig í samskiptum og fyrir leiðbeinendur til fylgjast með samskiptum barnanna og kenna þeim samskiptatækni. Krakkarnir í Hraunheimum eru mjög spenntir fyrir Hetjuskólanum og eru

nú þegar langt komin með að fönndra hetjuskólann sjálfan, bygginguna þar sem þau læra að vera hetjur. Næst á dagskrá eru fleiri byggingar, umhverfi og svo auðvitað hetjurnar sjálfar.

## Nýr samningur við sjálfstætt starfandi leikskólar

Nýr samningur Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík hefur verið samþykktur og tekur gildi 1. janúar næstkomandi.

Þær breytingar sem foreldrar verða helst varir við er að með samningunum næst betri heildarsýn yfir alla leikskóla í Reykjavík. Þannig geta foreldrar til framtíðar lítið séð á einum stað hvaða leikskólar eru í boði og í hvaða hverfum.

Allir leikskólar verða tengdir kerfi sem kallast Vala leikskóli, þar sem hægt er að fylgjast með stöðu biðlista út frá kennitöluröð, í þeim leikskólum sem sótt hefur verið um í. Leikskólareikninn er tengdur Völu og því verða pláss í sjálfstætt starfandi leikskólum tekin með í reikninginn. Í Leikskólareikninum geta foreldrar skoðað áætlaða stöðu síns barns eða barna á biðlista í hverjum leikskóla út frá fyrsta vali eða óháð vali á leikskóla.



Frá undirritun samningsins við leikskólana.

### Reykvisk börn fá forgang

Í samningnum er kveðið á um að foreldrar reykviskra barna hafi forgang í sjálfstætt rekna skóla í borginni á tilteknu tímabili þegar verið er að innrita börn í leikskóla á komandi hausti. Á næstunni verða gerðir samningar við hvern og einn leikskóla sem meðal annars eru að lagaðir að fjölda og aldri barna þar sem form sjálfstætt starfandi leikskóla eru mis-

munandi. Í samningnum kemur fram að sjálfstætt starfandi leikskólar skuli byggja á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af Mannréttindastefnu borgarinnar. Gert er ráð fyrir að kostnaður borgarinnar vegna samningsins muni hækka um 290 milljónir króna árlaga frá eldra líkani til að bæta stöðu sjálfstætt starfandi leikskóla vegna hækkanði rekstrarkostnaðar.



## Jólakveðja frá Klúbbsnum Geysi



Styrktarfélag Klúbbsins Geysis er vinnustaður fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Klúbburinn hefur starfað í 25 ár og unnið mikið og metnaðarfullt starf í þágu geðsjúkra á Íslandi.

Um jól er ávallt mikið um dýrðir og reynt að efla kærleiksboðskap jólanna með ýmsu móti. Að vanda eru einnig haldnar veislur og boð til þess að brjóta upp daginn í skammdeginu og að sjálfsögðu er húsið skreytt hátt og lágt með ljósum og skrauti.

Árleg jólaveisla klúbbsins var haldin 5. desember síðastliðinn. Þá var boðið upp á hamborgarhrygg sem hefur verið styrkur frá Ali til klúbbsins síðastliðin 20 ár. Síðan verða litlu jólin laugardaginn 14. desember. Þá er boðið

upp á hangikjöt og uppstúf en þá höfum við einnig fengið gest til þess að flytja hugvekju. Allir fá svo einn jólapakka í lokin. Skötuveislan er svo á Þorláksmessu til þess að viðhalda þjóðlegum ilmtöfrum kræsingarinnar.

Ef við megum nota tækifærið til að þakka fyrir stuðningin um jólin, auk Ali þá er það Innes og Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Fiskbúðin Þjóðbjörg í Mjóddinni. Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári viljum við minna á að hægt er að styrkja klubbinn með því að leggja inn á reikning klúbbsins: 0101-26-010009, kennitala 5010972259.

Jóla- og nýárskeiðjur,  
Félagar og starfsfólk Klúbbsins Geysis



Við eigum frábært úrval af flottum yfirhöfnum í stærðum 38-58

**belladonna**

Dalvegi 30 • sími 517 6460 • www.belladonna.is

# JÓLABORGARI

## 2.825 KR

*Kjúklingalækra kjöt með sinnepsösu, káli, karamellisruðum og sultuðum lauk, rífsberjasultu, frónskm og 0,5l gosi*







## Jólasveinabúningar

Höfum framleitt jólasveinabúninga á íslenska atvinnujólasveina í 39 ár og erum enn að. Seljum einning stök skegg og húfur með hári.

**TAUPRENT**

Sími: 845 2510 • Facebook: jólasveinabúningar einn og átta

Mikla braut

Kringlan

**McCain**

**Kjúklingastaðurinn**

**★ Suðurveri ★**

Við erum hér!

**HALLDORA**  
www.halldora.com

Íslensk hönnun um jólin  
skór, veski & fylgihlutir





## HÁVAÐI SKAÐAR HEYRNINA ...líka flugeldar



### Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana

VERÐ FRÁ  
3.800 KR.

Þjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsmíðuðm heyrnarsíum sem dempa hávaða og hlífa heyrninni án þess að breyta blöndun og tónblæ hljóðsins.



Allar helstu rekstrarvörur og aukahluti fyrir heyrnartæki fást á vefverslun [heyrn.is](http://heyrn.is)

HEYRN

Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • [heyrn.is](http://heyrn.is)



Frá jólafundurdegi Vínalesturs Heiðrúnar á Borgarbókasafninu í Gerðubergi 16. nóvember síðastliðinn.

## Vínalestur Heiðrúnar Börnin sýna teikningar

Teikningar barnanna í Vínalestri Heiðrúnar verða til sýnis í Gerðubergi, bæði í Borgarbókasafninu á efri hæð og í Fjölskyldumiðstöðinni á neðri hæðinni. Sýningin verður opnuð laugardaginn 14. desember klukkan 14:00. Þetta er í þriðja sinn sem haldin er sýning á teikningum barnanna, en þær hafa verið haldnar í lok hverrar annar frá því Vínalesturinn hóf göngu sína haustið 2023.

Vínalestur Heiðrúnar er tilraunaverkefni á vegum Suðurnámstöðvar Reykjavíkurborgar og snýst um að lesa íslenskar bækur með börnum innflytjenda með það markmið að þjálfna þau í íslensku og auðvelda þeim þannig aðgang að íslensku samfélagi og menningu.

Það er Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, sem stendur fyrir lestrinum. Hún hefur tekið á móti börnum innflytjenda í Borgarbókasafninu í Gerðubergi og lesið með þeim íslenskar bækur til að þjálfna þau í tungu-

málinu. Auk Heiðrúnar hafa nú tveir sjálfboðaliðar gengið til liðs við Vínalesturinn, þau Margrét Gústavsdóttir og Gunnar Þorleifsson, sem bæði eru kennara-menntuð.

Þau taka á móti einu barni í einu, byrja á að lesa og eftir það fá börnin tíma til að teikna upp úr efni sögunnar sem lesið er hverju sinni. Þessum teikningum er safnað saman og úrval þeirra síðan sýnt í lok annar. Auk þess að lesa og teikna hafa börnin farið í upplifunarferðir nokkrum sinnum á hverri önn, og hafa þau meðal annars farið í leikhús, í Árbæjarsafnið og í hrekjavökupartí í Hvalasafninu. Nú síðast kom hópurinn saman á fundurdegi í Gerðubergi. Bömunum hefur fjölgað jafnt og þétt frá því lestrarverkefnið hófst í byrjun síðasta vetrar. Nú eru þau orðin 28 og fleiri vilja komast að „Endilega gefið ykkur tíma til að koma og skoða myndirnar,“ segir Heiðrún. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og börnin eru algerir snillingar.“



Frá jólafundurdegi Vínalesturs Heiðrúnar á Borgarbókasafninu í Gerðubergi 16. nóvember síðastliðinn.

Matthías Johannessen



M-samtöl  
ÚRVAL

### Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólffson. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

Einstakt úrval, einstök bók

REYKJAVÍK ER

JÓLABORGIN

Njótið aðventunnar í  
miðborginni  
[borginokkar.is](http://borginokkar.is)





# Helgihald yfir jól og áramót



## Fella-og Hólakirkja

15. desember

– 3. sunnudagur í aðventu

Jólasöngvar við kertaljós kl. 20

Sr. Pétur Ragnhildarson, þjónar og kór kirkjunnar syngur hugljúf og falleg jólalög.

Kór kirkjunnar syngur undir stjórn

Arnhildar Valgarðsdóttur organista.

Aðfangadagur jóla 24. Desember

Aftansöngur kl. 18. Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar og kór kirkjunnar syngur undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur organista, Xu Wen syngur einsöng.

Miðnæturmessa kl. 23:30. Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Organisti er Arnhildur Valgarðsdóttir, Einar Clausen syngur og Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

Jóladagur 25. desember  
Hátíðarguðspjónusta kl. 14.

Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar og kór kirkjunnar syngur undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur organista.

Nýársdagur 1. janúar 2025  
Hátíðarguðspjónusta kl. 14.

Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar og kór kirkjunnar syngur undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur organista.



Fylgist með á facebook og á  
[www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)



## Breiðholtskirkja

15. desember

– 3. sunnudagur í aðventu

Guðspjónusta kl. 11 Ræðumaður verður Helgi Ás Grétarsson, borgarfulltrúi. Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar. Íris Rós Ragnhildardóttir og Jóhanna Elísa Skúladóttir leiða söng.

22. desember -  
4. sunnudagur í aðventu

Messa kl.11. Sungin verða ljúf og falleg aðventu- og jólalög. Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og Örn Magnússon leikur á orgel.

Aðfangadagur  
Aftansöngur kl. 18

Sr. Bryndís Malla Elíadóttir þjónar og kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar, organista.

Jóladagur 25. desember  
Hátíðarguðspjónusta kl. 14

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar, organista.

Annar jóladagur  
– 26. desember

Christmas service on December 26th at 2:00 pm. English service/messian er á ensku.

Gamlársdagur 31. desember  
Aftansöngur kl. 18.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar, organista.

Kyrrðarstundir alla miðvikudaga kl. 12.  
Fyrirbæni og tónlist.

Prayer service all Wednesdays at 12am.  
Intercession and music.

Fylgist með á facebook og á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

[www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)  
Sími 587 1500



## Seljakirkja

24. desember

– Aðfangadagur jóla

kl. 11: Guðspjónusta í Seljahlíð  
Sr. Árni Þór Þórsson prédikar.  
Félagar úr Gerðubergskórnum syngja.  
Kári Friðriksson spilar á orgelið.

kl. 15: Beðið eftir jólunum

– Jólalund fyrir börnin.

Prestar kirkjunnar leiða stundina.  
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttir.

kl. 18: Aftansöngur

Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar.  
Kór Seljakirkju syngur.

kl. 23:30: Miðnæturguðspjónusta

Sr. Steinunn Anna Baldvinsdóttir prédikar.  
Schola Cantorum syngur.

25. desember  
– Jóladagur

kl. 14: Hátíðarguðspjónusta  
Sr. Árni Þór Þórsson prédikar.  
Kór Seljakirkju syngur.

29. desember

– Sunnudagur milli jóla og nýárs

kl. 11: Jólalagmatími

Prestarnir leiða stundina.

Notaleg stund í kirkjunni.

Grillaðar samlokur og spil að stund lokinni.

31. desember

– Gamlársdagur

kl. 17: Aftansöngur (athugið breyttan tíma)

Sr. Árni Þór Þórsson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur.

1. janúar

– Nýársdagur

kl. 14: Guðspjónusta - Altarisganga

Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur.

Organisti við guðspjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson.

[www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)  
Sími 567 0110





**BÍÓKORT**  
EINN MÁNUÐUR  
LAUGARÁS BÍÓ

**GJAFABRÉF**  
Gíftu fyrir einn á skiptingu að eignast  
þessu litlu þopp og gosi í Laugarásbíó.

**LAUGARÁS BÍÓ**

**Gefðu skemmtilega gjöf!**  
Bíókort og gjafabréf fást í miðasölu Laugarásbíós

**LAUGARÁS BÍÓ**  
BARA LÚXUS



## Þankar Jónu Rúnu



### Jólastress og annað vesen

Í sjálfum jólamánuðinum er eitt og annað í gangi hjá flestum okkar. Mörg erum við afskaplega upptekin í gjafastússi, smákökubakstri og hreingerningum. Svo ekki sé nú talað um alla tónleika, jólahlaðborð og aðra viðburði sem fólki finnst það hreinlega verða að mæta á. Fyrir flest börn er þetta tími mikillar tilhlökkunar og eftirvæntingar. En fyrir marga fullorðna einkennist þessi mánuður af alltof mikilli streitu og þá sérstaklega hjá konum sem bera mjög oft mestan þungan af hinni svokölluðu þriðju vakt. Það gleymist oft á þessum tíma að muna hvers vegna við höldum heilög jól og fæðing frelsarans er gjarnan það síðasta sem fólk er að velta fyrir sér í amstri adventunnar. Það væri óskandi að fólk gæti skipulagt sig þannig að desembermánuður væri ekki svona fullur af streitu. Adventan á að vera tími íhugunar og rólegrar samveru. Myrkrið færst yfir og það er ekkert notalegra en að sitja inni hlýjunni ásamt ástvinum og drekka heitt súkkulaði. En þetta er oft nánast ógjörningur vegna streitu og hraða samfélagsins. Ég held að það sé hægt að snúa þessu við ef að vilji er fyrir hendi. Það eru ýmis ráð sem hægt er að fylgja til þess að draga úr jólastressinu og ýta undir slökun og núvitund á adventunni. Til dæmis er hægt að endurskoða órlitið allt gjafastúss. Ég er að sjálfsgöðu ekki mótfallin jólagjöfum en þær þurfa ekki að vera rándýrar eða umfangsmiklar. Það er engu barni gott að venjast því að fá jólagjafir sem kosta jafnvel tugi þúsunda. Jólagjafir geta verið einfaldar og ódýrar en samt glatt þann sem þiggur. Hvað varðar gjafir handa vinum og vandamönnum, þá er vel hægt að ákveða að gefa öllum eins konfektakassa eða gjafakort, eða eitthvað heimatilbúið. Það þarf ekki endilega að stressa sig yfir að velja mismunandi gjafir handa öllum. Þannig er hægt að fara í einn leiðangur og græja gjafir á alla línuna. Svo er líka afskaplega skynsamlegt að versla allt slíkt vel í tíma. Frestunarárátta er ekki af hinu góða í jólaaðstæðunum. Það er líka engin þörf á því að gera svakalega jólahreingerningu. Það er skammdegi og myrkur og dauf birta við kertaljós felur allt ryk. Hver tekur eftir því hvort búið sé að þvo gardínur eða eldhúsinnréttingar fyrir jólin? Ég mæli frekar með vorhreingerningu þegar birta fer. Ég persónulega hef mjög gaman af því þegar fólk skreytir fyrir jólin snemma. Það er eitthvað svo gott fyrir sálina að hafa ljós á runnum og trjám utan dyra í myrkrinu. Eins er bara gaman af því að koma upp jólasakrauti snemma innandyrna. Það eykur bara þessa góðu, hlýju jólatilfinningu og framlengir tíma eftirvæntingar. Getið þið ímyndað ykkur hversu langur og leiðin legur hinn íslenski vetur væri ef að ekki hefðum við jólin og áramótin til þess að stytta hann og gera bærulegan? Mig hryllir við tilhugsuninni. Ég held að markmiðið hjá



okkur öllum ætti að vera að njóta adventunnar og svo jólaanna. Gefa okkur tíma til að anda og hugsa um boðskap jólaanna. Það er líka skynsamlegt að velja af kostgæfni hvaða viðburði maður vill mæta á, það þarf ekki að fylla dagskrá desembermánaðar þannig að það valdi streitu. Svo vil ég mæla með að þeir sem hafa börn í heimili minni sig á að jólin eru alltaf fyrst og fremst hátíð barnanna og það er mikilvægt að sjá til þess að þau eigi fallegar og jákvæðar minningar um jólin heima. Ekki drekka áfengi í óhöfi fyrir framan þau og ekki rífast á jólinum. Ef að makinn er gjörsamlega óþolandi þá er fint að muna að sá vægir sem vitið hefur meira. Það er hægt að taka á slíkum vandamálum síðar meir. Jólin eru heilög og slíkt þarf að virða. Þau eru ekki staður né stund til þess að vinna í samskiptavanda milli hjóna eða gera upp sakir. Slík hegðun er engum til framdráttar og er algjörlega óásættanleg. Við verðum að muna að áföll sem börn verða fyrir, sérstaklega þegar þau tengjast hátíðarhöldum eins og jólum og áramótum, sitja í þeim alla ævi og geta varpað löngum og myrkum skugga yfir þessa hátíðardaga um ókomna framtíð þeirra. Ef að þau verða sem fullorðnir einstaklingar þunglynd um jólin vegna þess að þá rifjast upp erfiðar minningar tengdum mömmu og pabba, þá eru þau líklegri til þess að flytja slíka depurð yfir á sín eigin börn og þar með er komin dapurleg hringrás sem erfist á milli kynslóða. Það sama á við um áramótin. Ef barnafólk vil djamma á þeim tímamótum þá mæli ég með því að koma börnum í öruggt skjól hjá öðrum á meðan. Gefum þeim fyrri hluta kvöldsins með góðum mat og góðri samveru en blöndum þeim alls ekki í partystand fullorðinna. Djamm, drykkja og börn eiga ekki saman. Setjum þau alltaf í forgang því þau eru bara lítil einu sinni og í mjög stuttan tíma.

Jóna Rúna Kvaran  
www.jonaruna.com



**ÓDÝR**  
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn  
**19.900 kr.**  
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu  
**39.900 kr.**  
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

**Hamrahlíð 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002


**OPTIC**  
REYKJAVÍK  
SJÓNTÆKJAVERSLUN



**LJÓSAÐÍÓÐU-KROSSAR Á LEIÐI**  
Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**JS Ljósasmiðjan ehf.**  
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.  
Sími: 554 0661 / 897 4996

Á vegi góður Guð leiðir í sigrum í sorgum gætir.  
Allt Herra í ástaryl leiðir eilíf englahöndin mætir.  
Himnasalir, helgin leiðir hjartapel Drottins gætir.



Frá fossi flóð niður fellur falleg rós við stein í jörð.  
Sólin skín og laufið fellur sumt í draumi nærri jörð.  
Í náttögg rjóð rós fellur í nálægð hjarta í gulljörð.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur treystir á bæn og trúir á Guð.“ JRK




**Jólatilboð**

20% Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólum

**SKORRI**

**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is



**SALT- OG SANDKISTUR**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

**BORGARPLAST**  
STOFNAD 1971







**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS** síðan 1996

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

**Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað**



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésson  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Orn Jóhannsson  
S: 862 0537

**Sólarhringsþjónusta** | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



## Fjölbreytt jóladagskrá í Jólaborginni

Aldrei hefur verið meira skreytt í Reykjavík fyrir hátíðarnar, en hana prýða nú yfir 500 þúsund ljósaperur og 50 kílómetrar af ljósaseríum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði í Jólaborginni, við Austurvöll, á söfnum, í Elliðaárdalnum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum alla adventuna og ættu öll að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Jólakötturinn er á sínum stað og nú hafa Grýla og Leppalúði bæst í hópinn í gróðurhúsinu við Lækjartorg. Oslóartréð á Austurvelli hefur verið tendrað og er ómissandi hluti af Jólaborginni. Alltaf bætist eitthvað nýtt í Jólaborgina og er fólk hvatt til að gera sér glaðan dag í borginni á adventunni.

### Jólamarkaður við Austurvöll

Austurvöllur er í hjarta Jólaborginnar og hefur aldrei verið falglegri. Um 10 kílómetrar af ljósaseríum prýða nú gróðurinn við torgið og starfsfólk borgarinnar hefur búið til skemmtileg ljósagöng á hvorum enda þess. Einnig er búið að koma fyrir glæsilegum jólakrans þar sem tilvalið er að taka hátíðlegar myndir. Í fyrsta sinn er boðið upp á jólamarkað við Austurvöll og munu söluaðilar bjóða upp á fjölbreytt úrval af smávöru og

spennandi jólavörum. Markaðurinn verður opinn allar helgar í desember og dagana 19. - 23. desember.

### Tónlist, jólasveinar og annað fjór alla adventuna

25 styrkjum var úthlutað úr viðburðapotti Jólaborginnar til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni. Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablastur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni. Jólasveinarnir verða á vappi og tröllíð Tufti ásamt fjölskyldu munu bregða á leik allar helgar fram að jólum. Boðið verður upp á flesta viðburði um helgar og svo síðustu dagana fyrir jól.

### Jólavættaleikur

Jólavættaleikurinn hófst 5. desember og eru allar jólavættirnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum víðs vegar um miðborgina. Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum og fylla inn á jólavættir. borginokkar.is. Leikurinn stendur til 19. desember og verða vegleg verðlaun dregin út úr innsendum réttum svörum.

### Jólaskógur

Kateřina Blahutová upplifunarrhönnuður hefur umbreytt Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í ævintýrlegan jólaskóg. Þar verður auðvelt að komast í jólaskap enda grenilyktin allsráðandi í skrautlegu jólaumhverfi. Jólaskógurinn er opinn virka daga frá klukkan 8-18, á laugardögum frá klukkan 10-18 og á sunnudögum frá 12-18.

### Jóladalurinn

Það er ævintýri líkast að ganga um Jóladalinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en garðurinn hefur verið skreyttur með fallegum jóla ljósum. Hægt verður að heimsækja dýrin og þau sem þora geta heimsótt sjálfan jólaköttinn. Kvöldopnanir verða líkt og undanfarin ár frá klukkan 17:00 - 20:00 föstudaga til sunnudaga til jóla og ókeypis aðgangur.

### Jól á Borgarbókasafni

Jóladagskrá Borgarbókasafnsins er fjölbreytt og ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í aðdraganda jóla. Boðið verður upp á upplestur úr nýjum bókum, barnabókaball, ýmiss konar fönðurstundir, samsöng og margt fleira. Jóladagatalið er á sínum

## Pabbabrandarar 3.0

Nýr skammtur af pabbagríni



Höfundur:  
Þorkell Guðmundsson

Hin fullkomna jólagjöf fyrir alla pabba landsins.  
Í þessari nýju bók eru líka 16 vísnaðgátur!

HVERFISBLAÐIÐ

**BREIÐHOLT**

Auglýsingasími 568 8862

þín

# Jólaborg

þín upplifun

- 274 verslanir
- 287 veitingastaðir
- 292 önnurþjónusta
- 35 List og menning

www.midborgin.is









**SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI**  
 WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM  
 PANTÍÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670



*Útfararþjónusta  
 í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
 VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

stað þar sem opnaður verður einn kaffi á dag og hægt að lesa að hlusta á Jólævintýri.

**Jólin á Árbæjarsafni**

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember. Þá

daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga. Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Í Árbæ má sjá heimafolk skera út laufabrauð, kemba ull og spinna garn. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í

Miðhúsum eru prentuð falleg jóla-kort. Í hesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg.

Allar upplýsingar um dagskrá má nálgast á [jolaborgin.is](http://jolaborgin.is)

# SKATA!

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJUNA, HÖRPUDISKINN, LAXINN, HÁTÍÐARSÍLDINA FRÁ HÖFÐA HOFSSÓSI, TAÐREYKTU BLEIKJUNA OG NÝLÖGUÐU HUMARSÚPUNA FYRIR JÓLIN HJÁ OKKUR





**ÞJÓÐBJÖRG**  
 FISKBÚÐ

Opnartími

Alla virka daga kl. 10-18 • Opið 23. des. frá kl. 10-15 • Lokað 24. des.



Krossgátublaðið Fjörefni 58. tbl.,  
Krossgátublaðið Nýjar Tómsundur 58. tbl.  
og Krakkaþlaðið Prautakóngur 34. tbl.  
fást á næsta blaðsöluastað



## Rímnaflæði í Fellahelli

Föstudaginn 22. nóvember fór fram Rímnaflæði í Fellahelli í samstarfi við Samfés. Rímnaflæði, rappkeppni unga fólksins, var fyrst haldin í Miðbergi árið 1999. Keppnin hefur verið stökkpallur ungra og efnilegra rappara úr félagsmiðstöðvum, víðsvegar að af landinu, til að skapa sér nafn í tónlistarheiminum.

Rímnaflæði hefur skapað sér fastan sess í dagskrárliðum félagsmiðstöðva um leið og hún vekur áhuga ungmenna á rappi og gefur því jákvæða umfjöllun. Á hverju ári sjáum við nýja og efnilega rappara sem sýna frábæra hæfileika í laga- og textasmíð. Keppendur í Rímnaflæði verða að vera á grunnskóla aldri (8. – 10. bekk). Í ár var félagsmiðstöðin Hólmasel með tvö atriði, bæði úr Ölduselsskó-



Frá rímnaflæði Fellahelli.

la, Andrea sem hafnaði í 3. sæti og þau Elmar, Elvar og Birgitta. Í 2. sæti voru þeir Ragnar Eldur og Pétur úr félagsmiðstöðinni Frosta og sigur úr

bítum bar Jonni úr félagsmiðstöðinni Bústöðum. Alls tróðu 10 atriði upp, dans atriði frá kennurum úr dansskóla Brynju Péturs og leyniatriði kvöldsins

## Upplestur í Gerðubergi

Bókajól, vinátta og tengsl verða haldin í Borgarbókasafninu í Gerðubergi laugardagur 14. desember. Tómas Ævar Ólafsson les úr bókinni Breiðpotur. Brynja Hjálmsdóttir les úr Friðsemd og Jónas Reynir Gunnarsson úr Múffa.

### Breiðpotur:

Gagnaleki skekur heimsbyggðina. Þeir sem lýsa yfir ábyrgð krefjast róttækra aðgerða í loftlagsmálum. Áhrifa lekans gætir hjá krökkunum í Þorpinu. Verið er að undirbúa Þorpið undir næsta gagnaleka, þann sem mun afhjúpa öll leyndarmálin. Breiðpotur er gripandi saga um vináttu og söknud, tæknihyggju og uppgang öfgaafna.

### Friðsemd:

Friðsemd hefur alla tíð verið með nefið ofan í erótískum spennusögum, sem Fatima, besta vinkona hennar, framleiðir á færibaldi. Hennar eigði hversdagslif er allt annað en spennandi. Þegar besta vinkonan deyr af



Bókin er bæði til fróleiks og skemmtunar.

grunsamlegum slysförum heldur Friðsemd í háskaför og áður en hún veit af er líf hennar orðið iskyggilega reyfarakennt. Friðsemd er bráðskemmtileg og óhefðbundin spennusaga um missi, von og vináttu í brothættum heimi.

### Múffa:

Markús er 33 ára, býr enn hjá föður

sínum og stjúpmodur og heldur sig inni í herbergi á kafi í heimi tölvuleikja. En einn daginn fær hann pakka í pósti sem markar skil fyrir þau öll. Áleitinn og gripandi skáldsaga frá snjóllum höfund, saga um fjölskyldubönd og vináttu, rými og mörk, frelsi og hyldýpi – og það hvernig fólk kys að lífa lífi sínu.

## Sigtryggur R. Eypórsson Minning



Fjórtdandi nóvember 1974 var eftirminnilegur dagur í lífi Sigtryggs Eypórssonar eða Sigtryggs í XCO eins og margir muna hann. Þann dag lauk hann við að gera nýja húsið við Akrasel 9 fohkelt og þann sama dag fæddist yngri sonur hans. Sigtryggur var einn af frumbylingum Seljabyggðarinnar í Breiðholti. Hann flutti með fjölskyldu sinni í Akraselið á vordögum 1976. Hann bjó eftir það við þá götu og mun jafnvel hafa verið eini frumbygginn sem haldið hafði tryggt við staðinn alla tíð. Dóttir hans komst einhverju sinni svo að orði að tvennt einkenndi föður sinn.

Akraselið og XCO fyrirtækið sem hann stofnaði og rak lungann úr starfsævi sinni.

Þótt fyrirtæki sem reis af litlu gólfi í timburhúsi við Vesturgötu til sérhannaðs stórhýsis við Vatnagarða ætti hug hans kom hann víðar við. Athafnaþörfin kom fljótt í ljós. Ungum dreng í Kleppsholtinu fannst honum hann skorta verkefni. Umrót í moldhaugum við húsgrunna eða bjástur í dúfnakofa dugðu ekki. Hann þurfti meira að gera. Hann hélt á fund fisksalans í götunni og faladist eftir vinnu. Og fljótlega var hann farinn að vigta ýsuflok og telja kartöflur ofan í nágretta sína.

Eftir að fjölskyldan fluttist vestur í bæ opnaðist nýr heimur. Höfnin og það sem henni bar og fljótlega var hann farinn að skreppa túr og túr með fiskimönnum sem þaðan reru. Hann átti þó ekki eftir að leggja sjónum líf. Æðin sem kviknaði hafði hjá fisksalanum slitnað ekki og við hana bættist óbilandi áhugi frímerkjum. Hann hóf söfnun og þar fann hann sitt fyrsta viðskiptatækifæri. Hann stofnaði lítið fyrirtæki í Vesturbænum þar sem hann hóf viðskipti með

frímerki og myntir.

Eftir skólagaöngu rakst hann til ýmissa starfa. Var við byggingavinnu um tíma og síðar póstburð enda tengdist það einu megin áhugamáli hans. Frímerkjum. Þá tók hann við sölu-mennku og sölustjórn hjá heildverslun sem lagði grunn að stofnun eigin fyrirtækis í verskunarmennsku.

Sigtryggur var félagslyndur. Átti auðvelt með að umgangast fólk. Hann bjó yfir krafti sem hann gat miðlað af. Hrífið aðra með sér. Hann var sjónskertur nær alla tíð og beitti sér í málefnum illsjánadi fólks. Hann var félagi í verslunarfélögum. Í Kiwanis um tíma, síðar í Rótarý og síðustu árin tók hann þátt í störfum Frímúrarareglunnar svo nokkurs sé getið.

Hvað einkenndi Sigtrygg. Hin mannlegu samskipti og einkum fjölskyldan. Fjórtdandi nóvember 1974 var honum eftirminnilegur. Það hreiður sem hann gerði sér og sínum við Akraselið var honum mikilvægt. Hreiður sem hann flaug ekki úr fyrr en yfir móðuna miklu.



## Alþýðuhugrækt Grobb



Mat okkar á mannkostum og mikilvægi er ótrúlega margslungið og fjölbreytt. Við sem erum montin og mikil á lofti eigum heilmikið vantalað við okkar innri mann sökum þess að okkur kann að skorta heppilega auðmýkt og litillæti.

Auðvitað getur verið gott að hafa sjálfstraust og finnast nokkuð til sín koma. Á hinn bóginn gildir að þegar við veljum það atferli í samskiptum að vera bæði sjálfhælin og sperrt teljumst við ekki hafa það sjálfstraust sem liggur í heilbrigðu og jálægu mati á eigin mannigildi. Trúlega myndi slík framkoma kallast mont öðru fremur. Kampgleiður einstaklingur virkar óviðkunnanlega á aðra vegna þess að hann hefur tilhneigingu til að álíta sig öðru fólki fullkomnari og merkilegri. Það er því heppilegt að hafa í huga að montið fólk er af flestum talið óviðkunnanlegt og óspennandi og virkar fráhrindandi og óþægilegt.

Best er að ígrunda þá staðreynd að sannanlega verðum við ekkert eftirtektarverðari þó við séum góð með okkur og teljum að andleg eða veraldleg staða okkar sé eitthvað mikilvægari og áhugaverðari en annarra. Velgengni liggur ekki í því að gera t.d. mikið úr því sem er ekki tilkomið vegna okkar eigin hæfileika, atorku eða frumkvæðis. Aðstæður okkar og fjölskylda er eitthvað sem við fæðumst inni þó við kunnum að eiga val í þeim efnum síðar á lífsleiðinni.

Við getum því ekki upphafið sjálf okkur með því að undirstrika af sjálfshælni og þótta hugsanlega stöðu okkar gagnvart umheiminum eða fólki. Allra sist getum við gert það í þeim málum okkar sem beinlínis eru ekki tilkomin vegna eigin verðleika. Við áttum okkur flest fyrir eða síðar á þeirri staðreynd að það er ekki ætterni, atvinna, skólun eða veraldlegur auður okkar sem gefur okkur rétt til að álíta okkur mikilvægari eða merkilegri en annað fólk.


Ágætt er að minna sig á að hnakkert viðhorf ríkja ekki í hugum þeirra sem í raun eru eitthvað af sjálfum sér. Drýld er aftur á móti mjög oft átakanlegur og áberandi ljóður á fasi og framkomu þeirra sem upphafa sjálfa sig á kostnað annarra. Það er augljóslega íhugunarverð staðreynd að manneskja sem er járæn, kærleiksrik, réttsýn og einlæg er sjáanlega á heppilegum og heilbrigðum þroskaleiðum. Við eigum ekki að miklast yfir því sem viðkemur ytri ávinningum og aðstæðum okkar. Heppilegra er fyrir okkur að vera hógvær og litillát en að vera kampa-gleið og kræsin. Hyggilegt er að við látum verk okkar og viðmót gefa samskiptum okkar ljóma og reisin frekar en að láta dapurleika drýldarinnar gera það.

Höfnum því öllum sjónarmiðum sem miða að því að upphafa persónur okkar á forsendum aðstæðna, útlits, embætta og fjölskyldutengsla. Eyðum frekar tíma og hugsun í þá þætti sammanlegra samskipta sem örva og hvetja okkur til að breyta rétt. Veitum öðrum og máttlitlum hlutdeild í ávinningum okkar af auðmýkt og mannkærleika en breytum ekki eins og þeir sem eru hrokafullir og mikillátir.



Jóna Rúna Kvaran  
www.jonaruna.com

### Hinar mörgu hliðar síldarinnar



Síldin í myndlistinni, bókmenntunum, á síldarplönuunum og fjölduinn allur af girnilegum síldarréttum. Bók sem bragð er af - eða þannig sko!

Bókaútgáfan Hólar • holabok.is / holar@holabok.is

## REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



SÍÐUMÚLA 37 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 782 3330  
reykjavikurbonstodin@gmail.com

# SKÚBB ÍSTERTUR

FYRIR ÖLL TILFNI

SALTKARAMELLA



SÚKKULAÐI



KÓKOS OG ÁSTARALDIN



VANILLA



SKÚBB ÍSTERTUR FÁST Í SKÚBB ÍSGERÐ, LAUGARÁSVEGI 1, OG Á WWW.SKUBB.IS



SKÚBB ÍSGERÐ | LAUGARÁSVEGI 1 | SKUBB.IS | 767-0123



## Grantul pentru activități sportive și de recreere crește anul 2023 și va fi de 75.000 kr.

Grantul pentru activități sportive și de recreere face parte din sistemul de granturi care asigură tuturor copiilor cu vârsta cuprinsă între 6 și 18 ani care trăiesc în Reykjavík oportunitatea de a participa la activități sportive și de recreere constructive.

### RECREATION CARD

Părinții sau tutorii, cu ajutorul copiilor lor, decid la ce activitate de recreere/curs dorește să participe copilul și folosesc acest grant pentru a plăti. Mai multe informații despre cardul de agrement sunt accesibile aici;

<https://fristund.is>. Centrul de servicii sociale South Reykjavík

Număr de telefon 411 1300. [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is)

เงินช่วยเหลือ

## Beca de ocio y deportes de 75.000 coronas para usar durante el año 2023 .

Esta beca asegura que todos los niños de 6 a 18 años que residen en

Reykjavík puedan participar en actividades de ocio y deportes.

Los padres o tutores junto con sus hijos, deciden en qué tipo de actividad desean registrarse. Mas información en [www.fristund.is](http://www.fristund.is) y en el centro social "Suðurmiðstöð" en el teléfono 411 1300 o en [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is)

### LAISVALAIKIO STIPENDIJA

## 75.000 kr. dofinansowania od roku 2023.

Karta rekreacyjna-sportowa ma gwarantować wszystkim mieszkającym w Reykjavíku dzieciom w wieku 6 do 18 lat okazję do uczestnictwa w konstruktywnej rekreacji. Rodzice/Opiekunowie we współpracy z dzieckiem przydzielają dofinansowanie na wybrane zajęcia wspierane wspomnianym grantem. Szczegółowe informacje można znaleźć na stronie [www.fristund.is](http://www.fristund.is) lub w Centrum Południe (Suðurmiðstöð) pod telefonem 411 1300 lub tu: [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is)



SUBVENȚII PENTRU ACTIVITĂȚI

BECA DE OCIO Y DEPORTES



[breidholt.is](https://www.instagram.com/breidholt.is)



[breidholtid](https://www.facebook.com/breidholtid)



FRÍSTUNDASTYRKUR

# Breiðholt

## ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

**75.000 kr. styrkur frá og með árinu 2023**

Íþrótt og frístundastyrkurinn tryggir að öll börn á aldrinum 6 -18 ára í Reykjavík, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Foreldrar/forráðamenn ráðstafa styrknum í samstarfi við börn sín til námskeiðs sem hægt er að borga með styrknum.

Frekari upplýsingar má finna á [www.fristund.is](http://www.fristund.is) og hjá

Suðurmiðstöð í síma 411 1300 eða á [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is)

البطاقة الترفيهية

**2023 the recreation grant will be 75.000 kr.**

The recreation card is a grant system to ensure all children age 6-18 years old living in Reykjavík the opportunity to participate in constructive recreation.

Parents or guardians with the help of their children decide what recreation/course the child wants to attend and use the recreation grant to pay.

More information about the recreation card is accessible here; <https://fristund.is>. South Reykjavík service center

Phone number 411 1300. [breidholt@reykjavik.is](mailto:breidholt@reykjavik.is)

KARTA REKREACYJNA

MBÈSHTETJA FINANCIARE

TATI

КАРТКА НА ДОЗВІЛЛЯ

CIO Y DEPORTES



Þjónustumiðstöð  
Breiðholts

HEILSU  
EFLANDI  
BREIÐHOLT





# Meira og betra verknám með stækkun FB

**Framkvæmdir eru að hefjast á 2.654 fermetra verknámsaðstöðu fyrir húsmíði, rafvirkjun og listgreinar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti (FB). Borgarstjóri, mennta- og barnamálaráðherra, skólameistari, formaður nemendafélagsins og framkvæmdaradili tóku fyrstu skóflustungur við hátíðlega athöfn með nemendum og starfsfólki í dag.**

Nýja viðbyggingin mun stóraka aðgang að starfs- og verknámi á höfuðborgarsvæðinu og meira en tvöfalda starfnámsaðstöðu FB. “Með þessari viðbyggingu aukast tækifæri ungs fólks í Reykjavík. Það er afar mikilvægt að styrkja þessar

námsleiðir og auka fjölbreytileika í valkostum til náms. FB er afar framsækinn skóli og ánægjulegt að ráðast í enn frekari uppbyggingu á framhaldsskólastigi hér í Breiðholtiinu,” segir Einar Þorsteinsson borgarstjóri. “Stækkun verknámsaðstöðu FB er lykilskref á þeirri vegferð að auka aðgengi að starfsmenntun og mæta þörfum fjölbreytts vinnumarkaðar. Þetta er fjárfesting í framtíð ungs fólks og íslensks samfélags,” segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra að þessu tilefni. Verktakafyrirtækið Eykt annast framkvæmdina. Kostnaður er 1,8 milljarðar króna og skiptist milli ríkis (60%) og borgar (40%).

## Elsti fjölbrautaskólinn

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er elsti fjölbrautaskóli landsins, stofnaður 1975. Stefna skólans er að leggja jafna áhersla á bók-, list- og verknám og mæta þannig námsþörfum og áhuga-sviði ólíkra nemenda. Fjöldi nemenda stundar nám í húsmíði (332) og rafvirkjun (412) við FB í dag- og skóla. Með flutningi rafvirkjudeildar í hið nýja húsnæði og stórbættari aðstöðu fyrir kennslu í húsmíði og myndlist verður stuðlað að frjóu samlífi verknáms og listnáms í skólunum þar sem kennsla ungmenna fer fram á daginn og kennsla fullorðinna á kvöldin. Skólinn styrkist sem lifandi vettvangur fjölbreytts mannlífs í hjarta Breiðhóltsins.



Óskar Jósefsson forstjóri FSRE, Lovísa Margrét Eðvarðsdóttir formaður nemendafélags FB, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB, Einar Þorsteinsson borgarstjóri og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra. Hallur Karlsson



Hópur fólks við skurðgröfu sem notuð var til að grafa fyrir nýbyggingunni.



Páll Daniel Sigurðsson framkvæmdastjóri Eyktar, Einar Þorsteinsson borgarstjóri, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB, Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra og Óskar Jósefsson forstjóri FSRE við undirritun samnings um framkvæmdina í dag.

## Roðagyllum heiminn – Soroptimistar hafna ofbeldi



Hópur fólks við skurðgröfu sem notuð var til að grafa fyrir nýbyggingunni. Seljahlíð í roðagylltum litum.

**Soroptimistar um allan heim standa í ár, eins og mörg undanfarin ár, fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi dagana 25. nóvember til 10. desember. Þess má geta að 25. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi á konum og stúlkum og 10. desember er alþjóðlegur mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna en einnig alþjóðlegur dagur Soroptimista. Sameinuðu þjóðirnar leiða 16 daga átakið um allan heim en Evrópusamband Soroptimista hefur hvatt landssambönd Soroptimista til þátttöku undir slagorðinu “Roðagyllum heiminn”. Undirtitillinn er „Þekktu rauðu ljósin“. Roðagyllti (appelsínuguli) liturinn er einkenni átaksins en hann er notaður sem tákn fyrir bjartari heim án ofbeldis.**

Soroptimistahreyfingin er alþjóðleg samtök kvenna sem vinna að bættari stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. Helstu markmið samtakanna eru að berjast gegn ofbeldi gagnvart konum, styðja við menntun og vald-

effingu kvenna og stúlkna. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1921. Soroptimistar starfa um allan heim og eru um 70 þúsund konur í samtökunum í 200 löndum. Á Íslandi var fyrsti klúbburinn, Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur, stofnaður árið 1959 og eru nú um 600 konur í 19 klúbbum um land allt.

### Soroptimistar vekja athygli á áttakinu á ýmsan hátt

Óskað hefur verið eftir því við utanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir því eins og áður að öll sendiráð Íslands verði roðagyllt þessa 16 daga sem átakið stendur yfir ásamt öllum ráðuneytum og opinberum byggingum á Íslandi. Þá beita Soroptimistar sér fyrir því að byggingar verði roðagylltar í þeirra heimabyggð/hverfi.

Fræðsla til almennings er mikilvæg og henni koma Soroptimistar meðal annars á framfæri með því að fá að hengja upp veggspjöld í skólum, kirkjum, matvöruverslunum, heilsu-

gæslustöðvum og á fleiri stöðum. Soroptimistar á Íslandi munu taka þátt í ljósagöngu UN-Women þann 25. nóvember.

### Staðreyndir um ofbeldi gegn konum

Ofbeldi gegn konum er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heimi. 51.100 konur eru myrtar á 10 mínútna fresti á heimsvísu. Á sumum svæðum heims upplifa allt að 7 af hverjum 10 konum ofbeldi á ífsleiðinni. Meira en 600 milljónir kvenna búa í löndum þar sem heimilisofbeldi er ekki bannað. Allt að 50% alls kynferðisofbeldis á sér stað gagnvart stúlkum undir 16 ára aldri.

Um 250 milljónir kvenna í dag eru giftar áður en þær verða 15 ára. 200 milljónir kvenna í dag hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi. Hvert einasta samfélag í heiminum er þjakað af kynbundnu ofbeldi. Kynbundið ofbeldi hefur viðtæk áhrif

á samfélög í heilsufarslegu, efnahagslegu. sem og félagslegu tilliti. Kynbundið ofbeldi brýtur gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi kvenna

### Margar birtingarmyndir

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir og kvennasamtökin taka fyrir eina tegund þess ár hvert. Að þessu sinni er áherslan á ofbeldi á netinu / stafrænt ofbeldi.

Netofbeldi er þegar einhver notar tækni eða tæki til að fylgjast með manneskju, hótar henni, ógnar, áreitir eða niðurlægir. Kynferðislegt stafrænt ofbeldi er myndbirting efnis með kynferðislegri skírskotun eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum. Algengt er að ungar stúlkur og konur verði fyrir ofbeldi á netinu. Því er mjög brýnt að grípa til aðgerða til þess að vekja athygli á því og reyna að koma í veg fyrir það.

Afleiðingar netofbeldis á geðheilsu eru

miklar og geta leitt til aukins kvíða, þunglyndis, áfallastreitueinkenna, félagslegrar einangrunar og jafnvel sjálfsvíga. Að taka á netofbeldi sem hluta af breiðara sviði kynbundins ofbeldis sem skaðar konur er mikilvægt fyrir velferð kvenna og stúlkna um allan heim.

Áherslan í ár felst í fræðslu um hvernig koma megi auga á og þekkja viðvörðunarbjóllur / rauðu ljósin varðandi netofbeldi.

Til þess að koma á framfæri fræðslu og upplýsingum til almennings nota Soroptimistar á Íslandi veggspjöld með texta á íslensku, ensku og pólsku. Veggspjöldin verða sjáanleg á helstu samkomustöðum í hverfinu okkar.

Klúbburinn okkar Bakka og Seljaklúbbur stendur einnig fyrir ljósagöngu í lok átaksins við Seltjörn og munum við auglýsa það nánar síðar.

F.h. Soroptimistaklúbbs Bakka og Selja. Júlía Björnsdóttir.

### Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

HVERFISBLAÐIÐ

**BREIÐHOLT**

Auglýsingasími 568 8862





SAMVERA  
ER BESTA  
JÓLAGJÖFIN

FJÖLSKYLDAN  
SAMAN UM JÓLIN

**SAMAN**

[www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is)



## GÖNGUGREINING


Finnur þú fyrir verkjum í stoðkerfinu?

- Reynslumesta starfsfólkið
- Notum besta búnað sem völ er á
- Tæknileg innlegg fyrir alla skó

Tímabókanir í síma 481-1000  
eða kíktu á  
[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)



Kíktu til okkar í Lág múla 4



Ein þekktasta bók veraldar, Animal Farm, hefur nú verið endursögð.

74 blaðsíðna myndabók sem fangar ádeiluna vel.

Þetta rit á mikið erindi inn í umræðu í dag þar sem illa er farið með vald og valdahlífur skammta sér ríflega.

**Lyfjaval**  
HEILSA & HAMINGJA

Lyfjaval óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári Kynntu þér opnunartíma yfir jól og áramót á [lyfjaval.is](http://lyfjaval.is)

**Breiðholt**  
ÍDRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

SPORT AND LEISURE ACTIVITIES  
ZAJĘCIA SPORTOWE I REKREACYJNE



## Sé ekki eftir að hafa valið þessa leið



**Steinunn Anna Baldvinsdóttir er æskulýðsprestur við Seljakirkju. Hún er einnig kirkjuvörður og sinnir flestu sem til fellur í kirkju sem er eiginlega bæði félagsheimili og sóknarkirkja Seljasóknar enda um frábæra aðstöðu að ræða í rúmgóðri kirkjubyggingunni. Steinunn Anna er er uppalin í hverfinu og hefur búið þar alla tíð og verið virk í barna- og æskulýðsstarfinu þar frá unga aldri. Steinunn Anna spjallar við Hverfisblaðið Breiðholt að þessu sinni.**

“Ég er innfæddur Breiðhyllingur og Seljabúi. Ég hef búið hér alla ævi. Ég átti fyrst heima í Stekkjarselinu og svo í Ystaselinu og þegar ég flutti að heiman keypti ég með íbúð í Stapaselinu. Þetta er smá radíus. Ég hef aldrei farið lengra. Sonur minn er af þriðju kynslóð í Ölduselsskóla. Móðir mín var þar og ég og svo hann. Ég held að ekki margar fjölskyldur hafi náð því. Afí minn og ömmur voru einnig í Seljahverfinu. Þetta var yndislegt fyrir mig sem krakka. Ég skottaðist bara á milli fjölskyldufólksins. Var með allt mitt fólk í göngufæri. Ég finn vel fyrir þessu í dag. Nú á ég einn strák sem er í fjórða bekk og þá kemur sér vel að búa og starfa í hverfinu að ég tali nú ekki um að hafa nær alla stórfjölskylduna á nánast sama blettinum.”

### Fjölbreytt umverfi

“Þetta var fjölbreytt umhverfi. Einkum í Vogaselinu sem var skipulagt sem listamannahverfi og húsin voru byggð með stórum vinnustofum. Þar bjó áhugavert og eftirtektarvert fólk. Ég held þó að frumbyggjarnir séu flestir eða allir farnir en aðrir hafa komið í staðinn. Fjölbreytnin hefur haldist og það er skemmtileg samfélagsmyndin í hverfinu og mynduðust samfélög á milli nággranna. Ölduselsskóli var

líka mjög góður skóli. Ég var þar alla mína grunnskólagöngu og enn eru kennarar að starfa við skólann sem voru að kenna á minni tíð. Við erum líka ágætis hópur sem hittist reglulega. Þótt flestar stelpurnar séu fluttar úr hverfinu hafa náð að halda meira hópinn en strákarnir frekar dreifst. Margar þeirra sem ég hef hitt segjast vera til í að koma aftur. Gamli seljabúar sækja svölitið aftur í hverfið. Sums staðar er farið að innrétta minni íbúðir á jarðhæðum húsa. Sum húsin í Seljahverfi eru svo stór að minni og meðalstórar fjölskyldur hafa lítið með þau að gera. Stærstu húsið eru sennilega í Vogaselinu enda voru þau hönnuð sem vinnustaðir eða vinnustofur að hluta. Maður heyrði rætt um að þetta umhverfi væri sérstakt og svo kom auðvitað kirkjan sem er einstakt hús og söfnuðurinn byggðist upp.”

### Margnota húsnæði

“Kirkjan er í raun og veru margnota húsnæði. Þar eru margir salir. Góð aðstaða til hvers kyns safnaðarhalds og einnig margvíslegrar félagsstarfsemi. Fólk að koma í kirkjuna til að fá leigða sali fyrir samkvæmi. Til dæmis afmæli þar sem fleira fólk er á ferð en rúmist í heimahúsum jafnvel þótt þau séu stór. Rýmið er mikið og hægt að hafa margt í takinu í einu. Þetta er drauma aðstaða og ég hef heyrt að margir sem starfa í öðrum kirkjum ófunda okkur af þessu stórkostlega húsnæði. Ég held að kirkjan hafi verið hugsuð alveg frá upphafi sem fjölnota húsnæði og sú hugsun hefur reynst söfnuðinum og hverfinu dýrmæt.”

### Hvað dró mig að kirkjinni

“Hvað dró mig að kirkjinni er góð spurning. Ég var aðeins í barnastarfinu sem krakki og svo talsvert virkari í unglingsstarfinu. Og þá var Óli með það. Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson sá ágæti prestur sem nú er hættur og kallaðar sig prest í pásu því hann er að taka við rekstri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss og

flytja til Vestmannaeyja. Heimahagarnir hafa verið að draga hann til sín enda fæddur og uppalinn úti í Eyjum. Hann var ekki orðinn prestur þegar ég byrjaði í unglingsstarfinu en sinni því sem ungur guðfæðinemi. Óli var einstakur. Alltaf stuð og gaman hjá honum. Ég fór svo í Kvennó og var ekkert að þæla mikið mikið meira í kirkjunni. Um það bil sem ég var að ljúka við Kvennó var ég einhverju sinni að spjalla við Óla. Ég vissi ekkert hvað ég ætti að fara að læra. Allt í einu segir Óli hvort ég vilji ekki skoða guðfræðina. Hún sé áhugavert nám og skemmtilegt. Já – og þá fór ég að hugsa aðeins um þetta. Hvort það gæti verið áhugavert. Og það varð úr.”

### Fjölbreytt starf kirkjuvarðar

Þegar ég var við að klára guðfræðina var auglýst eftir kirkjuverði og æskulýðsfulltrúa við Seljakirkju. Þetta hentaði mér vel á meðan ég var að ljúka við námið. Starf kirkjuvarðarins er fjölbreytt. Þar er maður allt í öllu allt í öllu. Ég sé til dæmis um innkaup, sé um þrif, annast útlegur á solum, elda ofan í fólk sem er hér í tengslum við bænastundina á fimmtudögum. Sem æskulýðsfulltrúi ef ég líka verið með barna- og ungmennastarfið. Og nú er ég orðinn prestur. Var vígð í maí liðnu vori. Ég er því nýnati prestur landsins þótt Árni sem er prestur hér í Seljakirkju sé sá yngsti í árum talið. Svo þar það nokkuð brátt að Ólafur Jóhann Borgþórsson sem var prestur hér og ákvað að láta af störum. Honum bauðst starf sem framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss og er að flytja til Eyja innan tíðar. Nú er ég því bæði kirkjuvörður og prestur. Svona í hálfu starfi af voru. Ég er bæði búin að gifta og skýra og að flytja guðsþjónustu en ég á enn eftir að jarða. Það er þægilegt að fara svona hægt af stað í prestsstarfinu. Mjaka sér rólega áfram. En þetta er gaman og ég sé ekki eftir því að hafa farið að ráðleggingum Óla. Það er honum að kenna að ég varð prestur.




NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!



MIÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS







Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com



# Gleðileg jól




**Vegagerðin**



**GONGUGREINING.is**  
Lágmúla 4 • Sími 481 1000 • www.gongugreining.is

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta  
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOD



**Smurstöðin KLÖPP**  
Við Vegmúla • Sími 553 0440  
Opíð mánudaga - fimmtudaga 8-18  
föstudaga 8-16



**EIGNAumsjón**



**Amma mús handavinnuhúsið**  
Fákafen 9 108 Rvk S.585-8537 ammamus.is  
Opíð mán.-fös: 10:00-18:30 Sat: 10:00-18:00 Sun: 11:00-17:00



**Hársnyrtistofa DÓRA**  
Hárgreiðslu- og rakarastofa  
Langholtiavegi 128 • Sími 568 5775



**ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD**  
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Tímappantanir fyrir herra- og dömuklippingar eru óþarfar!



**greiðan HÁRSNYRTISTOFA**  
Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090



**Fóttaðgerðastofan**  
Hæðargarði 31 Furugerði 1 • sími 588 2232



**BÍLARÉTTINGAR SÆVARS**  
Skútuvoði 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is



**HEYRN**  
Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogur • Sími 5349600 • heyrn.is




**Bilakompaní**  
Skútuvoði 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115






**GRETTIR VATNSKASSAR**  
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090





	krossgátugerð Bjarni sími 845 2510	málm	átti	röð	vestur	3	ilát	2 eins	egnt	3 eins	
	→										
	útbyggingu					áreittu fuglinn					tótrana
Teikning: Halldór Andri eftir prentun bónnuð	↓	feiti			botnfall batnar			tíu			
hljóðfæri		5		lína				4	spanderi	lengd	
líkamshluti		glundur	bæn kama					und			
spræna				vatnsfallið 49			spil	áköf			
karldýrin					kyrröina			7			
		númer ýtir			spendýrið	talferið		konunafn		3 eins	
grátur			aur	spendýr karldýr							
stranda- glópur			hrekur ánægju		spilið				mjöl		strand- staður
gorta					eftir		pirraða				
mannsnafn					hækkun			storka		rista	
	telgir	rúmrusk	morkin mannsnafn	1			ógna				
nöðra				fíklar	2 eins ym		husla		klukka spilin		
rambaldur			hásaeti			litast gjamm					
2 eins			fugl sverta			sef ófullgerð				ummerki	
ópétt			2		stóra			frá flutti			
				forað		plötu- spilarar					
vankar		6			ákærir						



	V	E	G	A	S	A	L	T		
	A	R	A	N	N	S	O	T		
	L	N	N	S	K	A	T	A		
	Á	G	Æ	T	G	A	U	K		F
	R	A	F	A	R	A	K	A	L	L
	R	A	U	N		Ó	L	I	N	A
	Ó	F	U	S	Æ	M	D	S	A	F
	L	A	U	N	A	Æ	U	I		
	U	A	F	A	L	L	N	A	F	N
	V	O	N	I	N	I	L	M	A	N
	E	L	N	A	R	R	Ú	A	N	N
	L	I	M	Y	U	R	T	U		
	L	A	U	S	A	R	M	A	U	R
	I	N	E	D	A	R	R	R	F	Æ
	N	A	K	T	A	S	T	I	N	N
	U	M	L	A	T	A	Ú	R		
	M	I	M	I	Ð	L	O	K	A	Ð
	N	U	I	N	N	I	M	A	T	A
	S	N	U	I	N	N	I	A	L	I

- Lausnarorð: **SÍMAMÆR**
- Gjafakort frá Íslandsapóteki Laugaveg 53b Helgi Þorvaldsson
  - Gjafakort frá Dimmelmm Laugavegi 53b Ólafur Kristjánsson
  - Stafróf knattspyrnunnar frá Hólum Bryndís Aðalsteinsdóttir
  - Sögur fyrir 4 ára frá Óðinsauga Anna Antonsdóttir
  - Emma og rennireiðin frá Óðinsauga G Hjördis Óskarsdóttir
  - Klökkna Klakatár frá Uglu Guðbjörg B Sigurðardóttir
  - Undirheimar frá Tindi Lilja Magnúsdóttir
  - Abba frá Uglu Kristin Kristjánsdóttir
  - Til Taks frá Hólum Ásgeir sigurðsson
  - Sveindis Jane Ásdís Tehodórsdóttir
  - Ískúlar frá Skúbb Laugarásvegi 1 Elísa Freyja Viðarsd.

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

## VERÐLAUNAKROSSGÁTA

- verðlaun Tónar útlaganna, bók, útgefandi HÍB
- verðlaun Útkall í ofsa brimi, bók, útgefandi Útkall
- verðlaun Svartir kettir fullt tungl og rauðhærðar konur, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Ókei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Hvora vegna karlmenn geta aðeins gert eitt í einu og komu þagna aldrei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Leiðin í Hundana, bók, útgefandi, Uglu
- verðlaun Paddington, bók, útgefandi Uglu
- verðlaun Múmínsnáðinn, bók, útgefandi Uglu
- verðlaun Dýrabær Animal farm, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Nammitröllid, bók, útgefandi Óðinsauga
- verðlaun Bíomiðar í Laugarásbíó
- verðlaun Ískúlar frá Skúbb

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík



Dregið verður úr réttum lausnum 12. janúar

Nafn: .....

Heimili: .....

Kennitala: .....

Símanúmer: .....

## TÓNAR ÚTLAGANNA


Höfundur: Árni Heimir Ingólfsson

Einstakt verk um einstaka listamenn, sem lögðu öðrum fremur grunninn að því tónlistarlífi sem við njótum í dag á Íslandi. Ástríða höfundar fyrir viðfangsefninu er áþreifanleg, sem mikil og metnaðarfull heimildavinna ber vitni um. Verk sem á stöðugt erindi við okkur sem menningarþjóð og um leið áminning um mikilvægi og ávinning þess að taka vel á móti fólki sem þarf á aðstoð að halda.

Dómnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna

# Hið íslenska bókmenntafélag

Hagatorgi                      hib@hib.is                      s: 588 90 60





## Dótaborð í Gerðubergi Jólasveinar, ef vantar dót í pokann

Á Borgarbókasafninu í Gerðubergi má finna svokölluð „hjálpáhelluborð“ dótaborð með allskonar finu dóti sem jólasveinar geta sótt og sett í skóinn hjá öllum þægu börnunum í Reykjavík. Við tökum því gjarnan á móti gömlu og nýju dóti s.s. litlum púslum, pez köllum, litlum bílum, böngsum eða hvað sem er - svo lengi sem það er hreint og í heilu lagi. Það gæti verið góð samverustund foreldra og barna að fara saman í gegnum dótakassana og ákveða hverju skal halda og hvað má gefa á hjálparhelluborð jólasveinanna.



Smádótt tilvalið í skóginn.

Jólasveinarnir geta líka fengið lánaðar bækur á bókasafninu til að setja í skóinn. Þeir verða bara að muna að láta fylgja með miða þar sem þeir biðja börnin um að skila bókunum fyrir sig. Það er mjög mikilvægt því jólasveinarnir eru ekki með tölvur og netfang og því ekki hægt að senda þeim áminningartölvupóst um skiladag. Hér eru nokkrar fleiri umhverfisvænar tillögur að skógjöfum fyrir

bræðurna þrettán:

- Piparkökuhús til að setja saman og skreyta.
- Vasaljós til að fara með í ævintýrlega kvöldgöngu t.d. í Öskjuhlíðinni.
- Kakóbréf til að hafa heitan drykk

með í brúsa í kvöldgönguna.

- Gömul (barna) tímarit og skæri til að klippa út og fönndra úr.
- Gjafabréf fyrir kakóbolla á kaffihúsi.
- Bókasafnskort (ókeypis fyrir börn).

## Nokkrir góðir fimm aurar

### FIMM AURAR

Út var að koma bráðsmellin bók, FIMM AURAR, sem vafalítið léttir lundina og verður nú gripið niður í bókina:

Ég fór í berjamó um daginn og ætlaði að tína aðalbláber, en þau voru hvergi sjáanleg svo ég tindi bara varabláber í staðinn.


Hvers konar mjöl er notað í djöflatertu? - Fjandakorn.

Hvert fer Sherlock Holmes í berjamó?

Á Holmes-heiði.

Í BYKO:

„Ég ætla að fá hjá þér þingmannanagla.“  
„Þingmannanagla! Ég hef aldrei heyrt um þá. Hvernig líta þeir út?“  
„Æ, það eru þessir hauslausu.“



## Jóladagskrá Árbæjarsafns

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember en þá daga gefst gestum tækifæri að njóta aðventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga.

Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum. Í Árbæ sker fólk út laufbrauð, kembir ull og spinnur garn. Í Háabæ bjóða húsbændur gestum að smakka íslenskt hangikjöt og í Nýlendu tálgar maður skemmtilegar figúrur úr tré. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í Miðhúsum eru prentuð falleg jólakort. Kaffilmur berst frá Dillonshúsi en þar er upplagt að setjast niður fá sér tíu dropa og smá bakkelsi með.

Íhestúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg. Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni er kramarhús, konfekt og ýmiskonar jólavarningur til sölu.

Helstu viðburðir:

14:00 Guðspjónusta í safnkirkjunni  
15:00 Sungið og dansað í kringum jóla-tréð á torgi safnsins  
14:00-16:00 Jólasveinar skemmta gestum á víð og dreif um safnsvæðið og taka þátt í söng og dansi.

Fritt inn fyrir börn, öryrkja og menningarkortshafa. Aðrir greiða 2.350 kr.

Vinsamlegast athugið að dagskráin endar kl. 16 en safnið er opið til kl. 17.

Gleðilega hátíð  
og heillaríkt nýtt ár

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf  
á árinu sem er að líða

Suðurmiðstöð



# ÞYRLAN EINA VONIN



Barðinn á strandstað

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Hólum bókin Til taks – Þyrlusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakin saga þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratugina. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, viðamestu verkefnum þyrlanna og svíplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókarinnar, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og

hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, þjóðfræðingur og fyrrum lögreglu-maður.

Fjöldmargar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þyrlur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer lítilsháttar efni úr

bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrri-verandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars 1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Barðinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hólahlóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesið. Áhafnir nærstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Barðinn

kom inn í öldurótið og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.


Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga maetti áhöfninni. Þyrlan byrjaði að hifa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstæður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjörinn gekk yfir klettana og bátinn.


Í kringum hádegi fjaraði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Barðann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnbörða og fór ég aftur í stýrishúsið eftir bakborðssiðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsur og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda í. Ástandið inni í stýrishúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjörinn hafði hrífsað stóran hluta af tækjum og

búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eignum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrishúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar sem sjór var um allt.

Tel ég það mikla gæfu að Barðinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinnti hinni frækilegu björgun. Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátnum.




## Jóla-Hóla-bækur




**Drottningin í Dalnum**  
- Stórbrotin frásögn af einstakri konu.



**Svartir kettir, fullt tungl og rauðhærðar konur**  
- Hjátrú af ýmsum toga.




**ÓKEI**  
- Sagan á bak við útbreiddasta orðatiltæki veraldar.



**Til taks**  
- Magnaðar frásagnir af þyrlusveit Landhelgisgæslunnar.



**Stafróf knattspyrnunnar**  
- Hver kúkaði á völinn? Já, og hver pantaði pizzu á varamannabekkin?



**Síldardiplómasía**  
- Síldin í bókmenntum, myndlistinni, já og jafnvel í stríði, auk fjölda girnilegra síldarrétta.



**Fyrir afa**  
- Stórkostlegar smásögur með óvæntum endi úr smíðju sagnamannsins Sigurgeirs Jónssonar.



**Kinnar- og Víknafjöll**  
- Göngufólk, þetta er bókin ykkar!





Á myndinni eru tvær unglíngalandslióssstúlkur ÍR þær Birna Jóna Sverrisdóttir til vinstri og Eir Chang Hlésdóttir til hægri ásamt Ísold Sævarsdóttur úr FH fyrir miðju.

## Gleðilegt að sjá ÍR inga fjölmenna

Frjálsípróttasamband Íslands valdi í vikunni 63 unglíngla á aldrinum 15 til 19 ára í unglíngalandslióshóp. Til að verða fyrir valinu í hópinn þarf að ná strembnum lágmarkum sem hækka með hverju árinu sem líður frá 15 til 19 ára. Úr þessum hópi eru svo valdir keppendur á Norðurlandmót, EM og HM unglíngla í frjálsípróttum.

Gleðilegt er að sjá að ÍR-ingar eiga fjölmennasta hóp allra félaga á landinu í unglíngalandslióshópnum alls 14 einstaklinga, 7 pílta og 7 stúlkur sem ber vott um mjög öflugt unglíngastarf hjá ÍR í frjálsípróttum um þessar mundir. Hamingjuóskir til meðlima ÍR í unglíngalandslióinu og þjálfara þeirra.



Á myndinni eru tvær unglíngalandslióssstúlkur ÍR þær Birna Jóna Sverrisdóttir til vinstri og Eir Chang Hlésdóttir til hægri ásamt Ísold Sævarsdóttur úr FH fyrir miðju.

## ÍR-ingar fjölmennastir og unnu flest verðlaun

Silfurleikar ÍR þeirf 28 í röðinni í frjálsípróttum fóru fram undir lok nóvember með 570 þátttakendum 5 til 17 ára frá 27 félögum víðsvegar að af landinu. Heiðursgestur leikanna Einar Vilhjálmsson Íslandsmethafi í spjótkaсти afhenti öllum verðlaunahöfum sér steipta verðlaunapeninga Silfurleikkanna.

Fjögur aldursflokkamet voru sett Sigurður Ari Orrason ÍR bætti aldursflokkametið í 200m pílta 13 ára og hljóp á 24.76 sek. Anna Metta Óskarsdóttir Selfossi bætti aldurflokkametið í þrístökki í 14 og 15 ára flokki stúlkna og stökk 11.46m. Benedikt Gunnar Jónsson ÍR bætti aldursflokkametið í kúluvarpi pílta 15 ára með kasti upp á 18.28m með 4kg. Kúlu.

ÍR-ingar fjölmennastir og unnu flest

verðlaun

ÍR-ingar áttu fjölmennasta keppendahóp allra félaga á leikunum eða 87 sem er fjölgun um 20 frá í fyrra. Ármennningar komu næstir með 86 keppendur. ÍR-ingar unnu líka flest verðlaun eða 50, þar af 20 gullverðlaun í einstaklingsgreinum. FH vann 19 verðlaun þar af 3 gull og Selfoss 18 verðlaun þar af 9 gull. Um 100 dómamarar og starfsmenn sáu til þess að mótið gekk mjög vel fyrir sig en þegar mest var í gangi voru um 250 krakkar að keppa samtímis í 14 mismunandi greinum. Ætla má að vel á annað þúsund manns, áhorfendur, keppendur og starfsmenn hafi verið í húsinu þegar mest var.

## Útkall í ofsabrimi

Höfundur: Óttar Sveinsson

Allar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa vermtestu sæti metsölu-listanna í 30 ár. Hér er greint frá baráttu sjö manna upp á líf og dauða þegar Goðinn sekkur í ofsabrimi í Vöðlavík (1994). Menn-irnir voru að gefast upp þegar þyrta birtist í ofsavæðrinu. Eftir það gerast óvæntir hlutir sem enda með einni tryllingslegustu flugferð Íslandssögunnar.

Útkall ehf.



## Klökkna klakatár

Bókin er hamslaust hugsanaflæði

**Klökkna klakatár er fyrsta skáld-saga Ragnhildar Bragadóttur. Ragnhildur er sagnfræðingur og upplýsingafræðingur að mennt og las ennfremur bókmenntir og sálfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur starfað víða, m.a. sem forstöðumaður bókasafna, skjalastjóri, þýðandi og ritstjóri, samið sagnfræðilegar greinar í blöð og tímarit, flutt erindi af ýmsu tagi og hefur setið í stjórnum fjölda félaga.**

**Eftir andlát Þorgeirs, háaldraðs og þjóðfrægs rithöfundar, sest ekkja hans, Brynja, niður og reynir að koma skikkí á gifurlegt safn skjala sem hann létur eftir sig, raða þeim í tímaröð og henda reiður á ógnvænlegum upplýsingum. Smám saman verður henni ljóst að hún þekkir þennan mann ekki, þarna kemur fram í dagsljósið allt annar maður, eða fékk hún þarna staðfest hver hún vissi alla tíð að hann væri, skuggaveira? Brynja minnst líðins tíma. Hún er reið, sár og svekkt en líka sæl. Hún fer úr einni minningu í aðra, þræðir þær upp á band sem svo slitnar skyndilega. Ringluð og skelfingu lostin byrjar hún upp á nýtt.**

Fyrst er frumkafi sem gefur til kynna hvað koma skal. Svo sjokk eftir lestur skjala hans. Þá hefst samfelld frásögn sem styður við skjölin. Inn á milli eru svo ihuganir og hugleiðingar um Þorgeir, samband þeirra Brynju, og svo hana sjálfa. Bókin er bæði vel upp byggð og vel skrifuð og kaflaskiptingin

er góð. Hún er myndræn, sviðsetningar áhrifamiklar og persónusköpun djúp, mannlýsingar einstaklega vel gerðar og samtölin sannfærandi. Hugarástandi og líðan persóna er vel lýst. Höfundur tekst sérlega vel að sýna eðli síkkópata, ábyrgðarlausra siðblindra einstaklinga sem svífast einskis, hafa enga sektarkennd og bera enga virðingu fyrir fólki. Þarna sést inn í kviku sálar síkkópats.

. Þorgeir og Brynja áttu langt og stormasamt samlíf, í raun eitrad ásthasamband. Hún tengir sögu hans við sína og leitar skýringa og vill vita hvað búi að baki skapbrestum hans, brjálseminni, ofbeldi og sviksemi.

Þetta er mjög átakanleg, hjartnæm, áleitun og einlæg saga manns og konu sem unnast en fá ekki notið hvors annars. Þorgeir er siðblindur, drykkfeldur skapofsamaður, narsissisti og blekkingarmeistari. „Hann dáleidir konur, og svo vakna þær upp við vöndan draum“. Hann er ábyrgðarlaus raðkvænismaður sem skilur eftir sig sviðna jörð í öllum samböndum og kemur illa fram við sína nánustu, börn og maka. Hvers virði er að vera bókmenntafrömuður á heimsvísu en vera svo engin manneskja? Þorgeir baðar sig í ljóma frægðar innan lands sem utan. Klappliðið, útgáfufyrirtæki og bókmenntaelitan, dansa í kringum hann og lofa í hástert. Í samkvæmum og á fundum er hann hrókur alls fagnaðar, slær sér á brjóst, brestur í grát, sveiflar höndum og flytur hjartnæmar

ræður um mannréttindi og bága stöðu lítilmagnans. Heima fyrir gengur hann í skrokk á konu og hendur í næsta vegg. Dauðadrukinn brýtur hann allt og bramlar og hætta ekki fyrr en skelkaðir nágrannar kalla á lögregluna.

Sagan heldur lesandanum föngnum, erfitt er að leggja bókina frá sér. Hann verður hreinlega að vita meira, vita hvernig fer fyrir sögupersónunum.

Þessa bók ættu a.m.k. allar konur að lesa, sérstaklega ungar konur. Bókin er alger snilld og ómetanlegt innlegg í Me-too byltinguna og lætur engan ósnortinn.

Frágangur bókarinnar er vandaður á allan hátt. Ugly gefur bókina út.

Svanfríður S. Óskarsdóttir bókasafnsfræðingur og íslenskufraedingur



## Samverustundir fjölskyldna yfir hátíðirnar

**Senn líður að jólafríi barna og ungmenna í skólum og jólin ganga í garð. Á þessum tímum aðventunnar getur verið mikið að gera í undirbúningi jóla og margir orðnir þreyttir þegar jólahátíðin gengur í garð. Mikilvægt er fyrir foreldra að huga að samverustundum fjölskyldunnar yfir hátíðirnar og eftir annasama daga er gott að setjast niður og einbeita sér að fjölskyldunni.**

Gott getur verið að skipuleggja, með börnunum sínum, skemmtilegar samverustundir í fríinu eins og til dæmis að spila, púsla, lesa saman, horfa saman á jólamynd, baka, kíkja í göngutúra og hjálpast að við undirbúning og frágang jólamáltíðanna. Að njóta útiveru með fjölskyldunni er gott fyrir sál og líkama og leggur um leið grunninn að góðum samskiptum og uppbyggilegu fjölskyldulífi.

Regluleg hreyfing í góðum félagskap hefur afgerandi jákvæð áhrif á líkamlegt ástand, eflir heilastarfsemina og félagslega hæfni okkar. Einnig er gott að ákveða til dæmis að hafa nokkrar

samverustundir alveg áreitislausar hafa þá enga símar nálægt eða önnur raftæki sem draga athyglina frá því sem fjölskyldan er að gera. Gæði samverutímans skipti miklu máli, það er ekki nóg fyrir foreldra að vera stödd á sama stað og börn og unglíngarnir ef að samskiptin eru ekki nægilega mikil eða uppbyggileg fyrir þau. Foreldrar eru því hvattir til að verja gæðatíma með börnunum sínum og unglíngum í jólafríinu.

Um áramót eru margir sem ákveða að gera eitthvað betur á nýju ári eða setja sér ný markmið og því er góður tími til að skora á alla foreldra í Breiðholti að auka á þessar samverustundir. Um leið og við foreldrar kjósum að verja meiri tíma með börnunum okkar vitum við meira um langanir þeirra og áhuga og getum frekar orðið þeim uppbyggilegir bakhjarlar, leiðbeinendur og samherjar. Gæða tímar með börnunum skila sér margfalt til baka í meiri lífsgæðum og hamingju barna og foreldra. Um leið vinnum við á þeim vanda sem við okkur blasir í heilbrigði og menntun barnanna okkar.



Með ósk um góðar samverustundir

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir Verkefnastjóri, íþróttar- og frístundatengill Suðurmíðstöð

## Fríbúð í Gerðubergi

Nú er hægt að skipta á sparifötum fyrir jólin. Fram á þorlaksmessu verður opin Fríbúð í Gerðubergi þar sem allir hlutir eru ókeypis. Þangað er hægt að koma ef fólk vantar eitthvað eða vill gefa frá þér hluti sem það hefur ekki lengur þörf fyrir.

Ef vantar þig ný spariföt eða ert með fullan fataskáp af fallægum flíkum sem ekki er verið að nota lengur er um að gera að líta við við

í Fríbúðinni þar sem hægt verður að skiptast á sparifötum og öðrum fatnaði í desember. Sett verður upp tímabundin fataslá í Fríbúðinni þar sem hægt er að hengja upp spariföt. Það sem einn hefur ekki lengur not fyrir getur verið algjör happafengur fyrir annan.

Þá má geta þess að boðið er upp á heitt súkkulaði og piparkökur á meðan þú verstar í Fríbúðinni.





# Saga Okeisins – þekktasta orðatiltækis í heimi

Út er komin bókinn ÓKEI — uppruni og saga þekktasta orðatiltækis í heimi. Höfundur er Sigurður Ægisson. Hólar gefa út. OK eða O.K., ýmist ritað með lág- eða hástöfum, er sagt vera þekktasta útflyttingsafurð Bandaríkjanna, fyrr og síðar. Alla vega er þessi stafasamsetning fyrir löngu komin um gjörvalla Jörð og mun í ofanálag vera fyrsta orðið sem heyrðist mælt á Tunglinu. Það er ekki lítið afrek. Hvað með aðrar reikistjörnur verður, á eftir að koma í ljós.

Í Vesturheimi fæddi það bráðlega af sér okay og okey, sem og oke um 1930 og síðan þá hafa komið a-o.k., a-ok, doke, hoke, hokey, hokey-doke, hokie-dokie, keoke, oak, oakadoke, oakie-doke, oh-key, oka, okay-doke, o-ke-doke, oke-doke, okedoke, okee-doke, okeh, okely-dokely, okey doke, okey-doke, okeydoke, okey-doke, okey-dokey artichoke, okey dory, okey-poke, okey-pokey, okie doke, okie-dokie, okie-dory, okily-dokily, okie-dokle, oksy-doksy, okums-dokums, oky-doke, oky-doky, oky-dory og okydoke — og einhverjar fleiri útgáfur, þar á meðal styttingin K. Varla þarf að taka fram, að umrætt orð er fyrir löngu búið að sigra heiminn. Í enskri tungu er það ýmist notað sem atviksorð, lýsingarorð, nafnorð, sagnorð eða þá upphröpun.

## 50 kenningar um OK

Til Íslands hefur orðið eflaust borist sem talmál, eins og víðast hvar annars staðar, en ekki er ljóst nákvæmlega hvenær. Á prenti sést það hins vegar fyrst á 4. áratug 20. aldar. Síðar eignaðist það afkvæmi hér — sambandið allt í kei(inu).

En hvernig byrjaði þetta allt? Það er spurningin. Í bókinni, sem er rúmar 300 blaðsíður að lengd, eru reifaðar 50 kenningar, sem allar hafa það að markmiði að reyna að svara henni. Farið er um allan heim í þeim tilgangi, m.a. til fjölmargra landa Afríku, Evrópu og jafnvel Asíu, og kafað langt aftur í mannkynssöguna, allt til daga Forn-Grikkja, Rómverja og Spartverja, og að auki leitað aðstoðar í þeirri glímu til Ástralíu og Suður-Ameríku.

## Martin Van Buren eða Old Kinderhook

Hér er til dæmis sagt frá Old Keokuk, indíánahöfðingjanum magnaða, sem á að hafa undirritað alla samninga með upphafsstöfum sínum, Aux Cayes á Háiti, þar sem fékkst betra kaffi, tóbak og romm en annars staðar í heiminum, Martin Van Buren, áttunda forseta Bandaríkjanna, sem hafði viðurnefnið Old Kinderhook og nýtt sér það í kosningabaráttu árið 1840, þegar hann leitaði endurkjör, Olgu Kiréeff, hinum dularfulla hvít-rússneska diplómata, blaðamanni og rithöfund, sem fór mikinn í efri lögum stjórn málaheimins í Rússlandi og á Englandi á 19. öld og byrjun þeirrar 20. og notaði iðulega felunafnið O.K., og að auki tengjast þessu Obadiah Kaufman, Oscar Kent, Orrin Kendall, Otis Kane, Otto Kaiser, Onslow og Kilbracken, Ohm Krüger, Oliver Killory og mörg fleiri.

## Áhöfn Geysis myndaði OK á jöklinum

Upphafið að rannsókn höfundar er atvik eða minning úr enskutíma í Menntaskólanum á Akureyri, en

hann var þar í námi frá 1974 til 1978. O.K. hafði borist í tal einhverju sinni og aðdragandinn að fæðingu þess, og hann langaði frá því andartaki að lesa sér betur til um upphaf þessa orðalags eða hvað á að nefna blómið — frasa, orðatiltækis, setningarliðar, talsmáta — sem þá var tekið að festa rætur í íslensku máli. Það hafði reyndar komið mjög við sögu haustið 1950, hafði verið notað til að koma áleiðis afar mikilvægum skilaboðum, eftir að Geysir, millilandaflugvél Loftleiða, hafði brotlent á Vatnajökli, með sex manna áhöfn. Þegar leitarmenn á Catalina-flugbátinum Vestfirðingi fóru þar yfir, gaus allt í einu upp reyktur af báli sem áhöfn Geysis — Magnús Guðmundsson flugstjóri, Dagfinnur Stefánsson flugmaður, Einar Runólfsson vélamaður, Guðmundur Sívertsen loftsiglingafræðingur, Bolli Gunnarsson loftskiptamaður og Ingigerður Karlsdóttir flugfreyja — hafði kveikt til að vekja á sér athygli þegar flugvél myndi nálga. Orðrétt segir flugstjórinn, Jóhannes Markússon, þegar hann rifjar þetta upp: Ég lækkaði flugið og þá sáum við áhöfnina við flakið. Við trúðum varla okkar eigin augum. Þegar við flugum yfir sáum við að áhöfnin gaf okkur merki um að allir væru á lífi; hún myndaði OK. Þetta hefur verið magnþrungið andartak.

## Steinn og Hudson Bay

Tveimur árum áður hafði Steinn Steinarr notað það í einu af sínum allra þekktustu ljóðum, þegar hann kvað:

Ég byggði mér hús við hafid  
og hafid sagði: O.K.

Hér er ég, og ég heiti  
Hudson Bay.

## Enkuslettum misvel tekið

Þetta er sumsé orðið hluti af íslenskum veruleika ekki nema rúmum áratug eftir að það birtist hér á framandi og kaldri grund. Þessari norður-amerísku sendingu var reyndar, þrátt fyrir ofanefnt, misjafnlega tekið hér á landi, eins og eftirfarandi klausa frá 1953 sýnir ágætlega, úr tímaritinu Húsfreyjunni: Á síðustu stríðsárum gekk íslensk tunga í gegnum eldraun. Þá flæddi inn í eyru Íslendinga víðs vegar um landið eitt útbreiddasta tungumál heimsins. Nokkrir fávísir unglingar og ef til vill eitthvað lítils háttar af fólki á proskaaldri taldi sér sóma að því að móta talmál sitt eftir þessu erlenda máli eða að minnsta kosti að skjóta inn í ræðu sína ýmsum flökkukindum, svo sem ókei, olræt, bless, alveg sjúrt, næs, smart o.fl., sem of langt yrði hér upp að telja. Að vísu hurfu þessir flækningar mjög, er setuliðið hvarf úr landi að ófriðnum loknum. En draugurinn hefur magnast á ný við tilkomu varnarliðsins. Enn er því fullkomin ástæða til að standa á verði. Eftir 1970 varð umræðan enn háværari, að ekki sé fastar að orði kveðið, einkum þó á 9. og 10. áratug 20. aldar, og ýmislegt draup úr pennum þeirra ákófustu í hita leiksins, sumt á mörkum velsæmis og annað langt þar yfir. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, fjallaði á Vísindavefnum um þessa erlendu sendingu, fyrr á þessu ári, og sagði þá meðal annars: Rökinn gegn notkun ókei í íslensku

eru vissulega ýmis. Það er tekið hrátt úr ensku; það er óþarft því að önnur orð eru til sem þjóna sama tilgangi; það hefur oft óskýra merkingu; það fellur illa að íslensku hljóðkerfi. Allt þetta má til sanns vegar færa. Það breytir því ekki að orðið er gífurlega mikið notað og tíðni þess á prenti, þótt töluverð sé, segir lítið um tíðni- na í talmáli. Barátta gegn því hefur litlu skilað og ég held að óhætt sé að segja að meginhluti málnotenda bregði orðinu fyrir sig. Er ekki bara rétt að taka ókei í sátt? Eftir að hafa farið í tímaröð í gegnum hinar ýmsu kenningar um þessa smíð, þar sem byrjað er á þeirri elstu, telur höfundur sig í lokin geta bent á hið rétta upphaf og styður það heimildum, sem enginn hefur til þessa bent á eða notað í þeim tilgangi, og þá jafnframt leiðrétt þann misskilning sem verið hefur ríkjandi í uppsláttaritum allt frá því á 7. áratug 20. aldar, um að orðatiltækið sé að rekja til Boston og nágrennis á árunum 1838 til 1839. Það er nefnilega töluvert eldra og komið úr allt annarri átt.



# Komið á skauta!

**SKAUTA  
HÖLLIN**

LAUGARDAL


**Jólatréð er komið á svellið!**  
The Christmas tree is on the ice!

<p>21.des. kl. 13:00 -18:00</p> <p>22.des. kl.13:00-18:00</p> <p>23.des. kl.12:00-16:00</p> <p><b>24.des. Lokað/Closed.</b></p> <p><b>25.des. Lokað/Closed.</b></p> <p>26.des. kl.13:00-18:00</p> <p>27.des. kl.13:00-18:00</p> <p>28.des. kl.13:00-18:00</p>	<p>29.des. kl. 13:00 -18:00</p> <p>30.des. kl.13:00-18:00</p> <p>31.des.kl.11:00-15:00</p> <p><b>1.jan. Lokað / Closed.</b></p> <p>2.jan. kl.13:00-18:00</p> <p>3.jan. kl.13:00-18:00</p> <p>4.jan. kl.13:00-17:00</p> <p>5.jan. kl.13:00-17:00</p>
---	---

“Ekki er nauðsynlegt að bóka tíma fyrirfram”

**SKAUTAHOLL.IS**





**Gleðileg jól  
og farsælt  
komandi ár**

**2024**

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.



# Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B

Full búð  
af nýjum vörum

[dimmalimmreykjavik.is](http://dimmalimmreykjavik.is)